

Skólaráðsfundur 20. október 2021.

Fundur settur 16:15

Mættir: Elín (skólastjóri), Erla Brá (kennari), Stefán og Hulda (fulltrúar starfsmanna), Hjördís Rut (formaður foreldrafélagsins), Björn Vignir og Arnfríður Mára (fulltrúar nemenda) og Helga Halldórsdóttir (fulltrúi grenndarsamfélags).

1. Starfsáætlun skólaráðs
  - a. Farið yfir starf skólaráðs yfir skólaárið. Farið yfir dagsetningar, skipulag og hvernig skipulagið er sett upp. Viðburður á vegum skólaráðs og foreldrafélags fór fram í september.
  - b. Viðburður á vegum skólaráðs – þurfum að undirbúa fyrir næsta skólaár, tillaga kom að hafa viðburðinn í september á næsta ári það var samþykkt.
  - c. Starfsáætlun skólaráðs var samþykkt.
2. Starfsáætlun Víkurskóla 2021 – 2022
  - a. Ábending kom að samræma þyrfti Erasmus+ ártöl verkefni milli starfsáætlunar og skólanámskrár. Elín þakkar fyrir ábendinguna og ætlar að laga. Elín segir frá því að það vanti að setja inn í skýrsluna fulltrúa foreldra úr foreldrafélagi. Kemur inn á morgun þann 21. október 2021.
  - b. Þarf að breyta kafla *Skimanir og próf* samræmd próf falla niður og Menntamálaráðuneytið er að skoða hvað eigi að koma í staðinn fyrir þau próf.
  - c. Bent var á í ytra mati á Víkurskóla að bæta við kafla um samstarf við önnur skólastig í og er það komið inn í starfsáætlunina.
3. Skólanámskrá Víkurskóla 2021 – 2022
  - a. Úttektaraðilar frá ytra matinu voru ánægðar með skólanámskrá Víkurskóla.
  - b. Einkunnarorð skólans eldast vel og eiga vel við.
  - c. Leiðarljós *Glöð börn á grænni grein* er alltaf markmið sem við eigum að vera vinna að og spurja okkur að hvort að það sé markmið sem við erum að ná.
  - d. Nýr kafli í skólanámskrá er númer 3.6 og heitir *Viðmið um árangur*. Ætlum að bíða aðeins lengur með að setja skýr markmið um árangur í samræmdum prófum þar til Menntamálaráðuneytið ákveður í hvaða farveg samræmd próf fara. Það er ekki starfandi náms- og starfsráðgjafi eins og staðan er núna. Skólaþjónustan er búin að auglýsa starfið einnig er búið að auglýsa eftir skólasálfræðing.
  - e. *Nemendur sem koma erlendis frá og eru með erlent ríkisfang, þurfa auk lögheimilis í Mýrdalshreppi að hafa farið í læknisskoðun*. Umræðir sköpuðust og Elín ætlar að spyrja Helgu Þorbergs hjúkrunarfræðing nánar út í.
  - f. Smíðakennslan fer vel af stað.
  - g. Skólanámskrá Víkurskóla samþykkt.
4. Sjálfsmatsskýrsla 2021 – 2022 (til kynningar)
5. Framkvæmdir og fréttir
  - a. Listakot varð fært inn í skóla og smíðin fór þar inn og heitir nú Smíðakot. Þrengir vissulega að inn í skóla eftir þessar breytingar en flestir sáttir. Smíðin fer vel af stað
  - b. Tölvum var skipt út og fengnar fartölvur í staðinn.
  - c. Höfum ekki heimilisfræðistofu og höfum aldrei haft í þessum skóla. Mikilvæg námsgrein sem þarf sitt pláss.
  - d. Verkefni fyrir 8. desember að hugsa hvernig við viljum útfæra húsnaði Víkurskóla í framtíðinni.

- e. Fengum 1.200.000.- kr frá Sprotasjóði við verkefnið Strandmælingar tengt Kötlu Geopark. Elín hitti Jóhannes og Kolbrúnu Hjörleifsdóttur kennara og þau ætla að hittast bráðum og skipuleggja hvað eigi að ráðstafa fjármagninu í.
  - f. 6. – 7. bekkur í skólabúðum að Reykjum þessa vikuna.
  - g. 9. – 10. bekkur fer í næstu viku á Laugavatn í skólakynningu.
  - h. Haustball sem er samstarfsverkefni skólanna í Rangarvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu verður haldið á næstunni eftir tveggja ára hlé.
6. Önnur mál
- a. Foreldrafélagið heldur sinn fund á morgun 21. október klukkan 20:00. Búið að senda póst á foreldra í skólanum.

Fundi slitið 16:53

Erla Brá Sigfúsdóttir ritari.